


Gledileg jól

gott og farsælt  
komandi ár



# Safnaðarblað Gleráarkirkju

3. tbl. 19. árgangur

Nóvember 2004

**„Hið sanna ljós sem upplýsir hvern mann,  
kom nú í heiminn“ (Jóh. 1.9.)**



## Hin heilnæma lífssýn

Hvernig sérð þú lífið og tilveruna? Út frá hvaða forsendum reiknar þú málefni lífs þíns?

Nú er aðventan gengur í garð tókum við að undirbúa komu jólahátíðarinnar. Ekki þarf að fjölyrða um ítök þeirrar hátíðar í þjóðarsálinni, en engu að síður þarf þó ár hvert að minna á þá staðreynd að boðskapur jólanna - jólaguðspjallið - felur í sér kjarnaatriði í trúarskilningi kristinna manna. Höfundur lífs og heims vitjar mannanna barna. Hann kemur til okkar í Jesú Kristi til að birta okkur veru sína og vilja - huga og hjarta. Þetta gerir hann í persónu, orðum og verkum barnsins, sem forðum fæddist í Betlehem. Kjarni jólahátíðarinnar er að fagna þessu - er að fagna yfir gæsku Guðs og því að okkur er nú boðið að vera farvegur þessarar sömu elsku í samfélaginu hvert með öðru. Skapari heimsins kemur í Kristi til að umbreyta hjörtum mannanna og gefa þeim heilnæma lífssýn. Lífssýn sem byggir okkur upp og styrkir - sem einstaklinga, fjölskyldur og samfélag. Sú lífssýn er frá Guði komin, því eins og segir í 1. kafla Jóhannesarguðspjalls: „Enginn hefur nokkurn tíma séð Guð. Sonurinn eini, Guð, sem er í faðmi föðurins, hann hefur birt bann“. (vers 18).

Myndin hér að ofan er efri hluti glugga úr steindu gleri eftir Leif Breiðfjörð, sem settur verður upp í Gleráarkirkju nú í byrjun desember. Myndin vísar til þess að sá Guð, sem sér og veit allt, vill í Kristi og fyrir Krist lýsa upp sálarsjón þína - að þú megir sjá og skilja allt í ljósi gæskunnar sem jólin boða. Um þennan boðskap segir sálmaskáldið Stefán frá Hvitadal:

*Guð er eilíf ást,  
engu hjarta er bætt.  
Ríkir eilíf ást,  
sérhvert böl skal bætt.  
Lofið Guð, sem gaf,  
þakkið hjálp og blíf.  
Tæmt er húmsins haf,  
allt er ljós og líf.*

Þetta boða heilög jól. Góður Guð blessi þér og fjölskyldu þinni hátíðina sem framundan er og gefi að þú megir höndla þá náðarríku gleði sem þau boða.

Sr. Gunnlaugur Gardarsson.

# Frá sóknarnefnd



Störf sóknarnefndar hafa um nokkurt skeið verið með hefðbundnum hætti. Nokkur tímamót eru nú framundan í Glerárkirkju.


Fyrir tveimur árum, í tengslum við 10 ára vígsluafmæli kirkjunnar, var gerð grein fyrir störfum sóknarnefndar. Þar bar hæst innrétting suðurálmunnar og steindi glugginn á vesturhlíð kirkjunnar, en gluggann gerði Leifur Breiðfjörð, listamaður. Framtak það er gluggann varðar var allt að frumkvæði Kvenfélagsins Baldursbrá og fyrir söfnunarátak þeirra. Í fyrrnefndri grein var einnig sagt frá þeim áformum nefndarinnar að ljúka gerð annarra steindra glugga í kirkjuna innan skamms tíma. Þetta er nú að verða að veruleika því í ársbyrjun voru gerðir samningar við listamanninn um að ljúka þessu verki. Nú er lokið gerð tveggja glugga í kirkjuskipið og verða þeir settir upp og formlega afhentir og helgaðir við hátíðarmessu á öðrum sunnudegi í komandi adventu. Það hillir undir lok þessa verks því Leifur Breiðfjörð hefur þegar hafist handa við gerð síðustu tveggja glugganna sem koma í kór kirkjunnar og er áformað að þeir verði komnir á sinn stað um hvítasunnun næsta vor. Hér er um mjög kostnaðarsama framkvæmd að ræða en sem fyrr á kirkjan dygga stuðningsmenn og töluvert fé hefur safnast vegna þessa verks. Sóknarnefnd færir öllu þessa góða fólki bestu þakkir fyrir.

Áður hefur verið minnst á hraða uppbyggingu sóknarstarfs við kirkjuna og hátt hlutfall ungs fólks í sókninni. Vegna þessa hefur fyrir margt löngu verið þörf á fleira starfsfólki við safnaðarstarf og setti sóknarnefnd sér það markmið að ráðinn yrði í þessu skyni djákni að kirkjunni með áherslu á uppbyggingu

starfs með ungu fólki. Nú er þessi ósk okkar að rætast því ráðinn hefur verið djákni við Glerárprestakall frá og með

1. janúar næstkomandi. Þessi nýi starfsmaður okkar er Pétur Björgvin Þorsteinsson, heima maður og vel kunnur kirkjunni, og með áralanga reynslu í störfum með ungu fólki. Sóknarnefnd býður þennan nýja starfsmann hjartanlega velkominn til starfa og er þess fullviss að kærkomin tímamót verða nú í safnaðarstarfi kirkjunnar.

Í tengslum við ráðningu Péturs Björgvins er einnig rétt að skýra frá því að nokkrir áfangasigrar hafa unnist í að auka þjónustuna við unga fólkið. Sérstakt fagnaðarefni var að á síðasta vormisseri tókst að auka og þetta starf með börnum á grunnskólaaldri og voru fleiri liðsmenn vegna þessa en áður var. Þetta mikilvæga starf fer fram á laugardögum fyrir og eftir hádegi og hefur verið í



Ása Arnaldsdóttir, Sólveig Halla Kristjánsdóttir og Hanna Björk Bragadóttir.

höndum þeirra Sólveigar Höllu Kristjánsdóttur, Ásu Arnaldsdóttur og Hönnu Bjarkar Bragadóttur. Við gleðjumst yfir þessum góða liðsstyrk og bjóðum þær hjartanlega velkomnar til starfa.

Sr. Arnaldur Bárðarson hefur nú verið skipaður aukaprestur við kirkjuna í rúmt ár. Fastsetning þessa embættis hefur enn ekki verið ráðin til lykta og er skipun hans því tímabundin. Prestakallið er stórt og því löngu orðið tímabært að staða aukaprests verði fest við sóknina. Þessa er nú beðið með óþreyju og væntir sóknarnefnd þess að þetta mikilvæga mál fái endanlega afgreiðslu fljótlega á komandi ári.

Hér verður látið staðar numið í pistli frá sóknarnefnd. Það er von okkar og ósk að kirkjan megi áfram njóta sterks stuðnings sóknarbarna sem og annarra velunnarra, og hún skipi veglegan sess í hugum okkar allra.

Sóknarnefnd Lögmannshlíðarkirkju óskar öllum sóknar börnum gleðiríkrar jólahátíðar og farsældar á komandi ári. Megi boðskapur jóllanna gefa öllum frið og sanna gleði.

Jónas Karlesson, formaður.

## Góður gestur!



Ásgeir Páll Ágústsson var hér á ferðinni á dögum og með honum trúðurinn „Geiri gleðigaurl“ og heimsóttu þeir barnastarf kirkjunnar börnunum til mikillar ánægju.

# Gott að vera kominn heim


Ég heiti Pétur Björgvin Þorsteinsson og líf mitt er í þappakössum þessa dagana. Við, fimm manna fjölskyldan, erum nýflutt í til Akureyrar. Á milli þess sem ég reyni að taka upp úr kössunum, koma húsgögnunum fyrir... tek ég mér tíma til þess að ganga um göturnar í Glerárhverfi. Ef ég skrepp ekki í Stapasíðuna með börnin til Steina afa og Snjólaugar ömmu liggur leiðin ósjálfrátt úr Fögrusíðunni í áttina að Glerárskóla og þaðan í Þverholtið. Minningum skýtur upp í kalli mér, hverri á fætur annarri og ég finn að hér á ég heima.

Eða hvað? Um leið og ég gleðst yfir þeim fjölmörgu framfarasporum sem orðið hafa í bænum þessi sautján ár sem ég hef verið „að heiman“ tek ég eftir því að þau hafa breytt ásýnd bæjarins. Ég þarf að læra að rata upp á nýtt í

bænum. Það er tilhlökkunarefni, sérstaklega því að ég finn að nú þegar við fjölskyldan erum að taka fyrstu skrefin í Glerárhverfi er okkur tekið svo vel. Og það vekur vonir um ánægjulegt samstarf við Akureyringa alla. Það fylgir því ákveðin áskorun að koma heim eftir svona langa fjarveru. Áskorun sem ég hlakka til að takast á við. Ég hlakka til að uppgötva hvað Jórunn, Gígja, Sævar, Sigríður, Guðrún, Lára Gunnús, Soffía og Lára sem voru fyrstu þátttakendur í æskulýðsfélagi Glerárkirkju haustið 1983 eru að gera í dag, finnst spennandi að kynnast fjölskyldum bekkjarfélaganna gömlu sem búa enn í bænum, hitta gamla féлага úr skátunum, spjalla við gömlu kennarana mína...

Með mér kemur konan mín, hún Regina Brigitte. Regina er þýsk og við höfum verið gift í 12 ár. Við eigum þrjú börn. Samúel Örn er í sjötta bekk og Helena Rut í þriðja bekk í Síðuskóla. Jóhannes Már er hins vegar enn heima við þó það sé farið að stytast í (leik)skólagönguna hjá honum. Hann er 18 mánaða gamall.

Ég er viss um að það verður gaman að takast á við verkefnið sem bíða mín sem djákni í Glerárkirkju. Þakklátur fyrir að fá tækifæri til að nýta mér trúaruppeldisfræðimenntun mína sem ég aflaði mér í Ludwigsburg í suður Þýskalandi kem ég með opnum hug til starfa um áramótin. Handviss um að fólkið í söfnuðinum og samstarfskonur og samstarfskarlar í Glerárkirkju verða iðin við



Pétur Björgvin Þorsteinsson.

að koma með ábendingar og styðja mig fyrstu skrefin get ég varla beðið eftir því að byrja!

Ég er þegar byrjaður að koma mér fyrir á skrifstofunni minni í Glerárkirkju. Þaðan hef ég ágætt útsýni yfir bæinn og inn Garðsárdalinn. Síminn á skrifstofunni er 464 8807, farsíminn minn 864 8451 og netfangið mitt [petur@glerararkirkja.is](mailto:petur@glerararkirkja.is). Ég verð með viðtalstíma þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga milli tíu og tólf og hlakka til að ÞÚ lítir inn eða hringir!

## Frá Kvenfélaginu Baldursbrá

Nú er vetrarstarfið félagsins hafið og eru fundirnir haldnir annan mánudag í mánuðinum og eru nýir félagar alltaf velkomnir. Fundirnir eru kl. 20:00 í salnum niðri. Það er búið að vera nóg að gera í haust, við höfum verið með bingó, jólaföndur og haldin var árs hátíð í október.

Í sumar kom út bókin „Kvenfélagið Baldursbrá 1919-1990“ sem segir sögu félagsins í 80 ár. Kvenfélagskonan Guðrún Sigurðardóttir ritaði söguna, sem er ekki síður saga samfélagsins sem félagið býr við og hefur mótast af. Bókin er til sölu hjá versluninni Fold-Önnu, Kristínu Þorsteinsdóttur formanni félagsins sími 895-7972, Guðrúnu Sigurðardóttur sími 462-2946 og í kirkjunni.

Kvenfélagið heldur jólaball í safnaðarsal kirkjunnar þann 29. desember kl. 17:00 og eru allir velkomnir.

Nú er sóknarnefndin okkar að halda áfram með verkefnið sem Kvenfélagið byrjaði á, er við gáfum steindan glugga í kirkjuna og verða settir upp tveir steindir gluggar í kirkjuna núna 5. desember n.k.

Kvenfélagið vill þakka öllum þeim sem hafa stutt okkur undanfarin ár. Guð blessi okkur öll og gefi okkur gleðilega jólahátíð og farsælt nýtt ár.

Kristín J. Þorsteinsdóttir,  
formaður.

## Söfnun fermingarbarna

Árvisss fjársöfnun fermingarbarna fyrir Hjálparstarf kirkjunnar fór fram mánudaginn 1. nóvember s.l. Vikuna fyrir söfnunina höfðu fermingarbörnin undirbúið sig með því að skoða myndir frá þurrkasvæðum í Afríku og kynnst starfi kristniboða og hjálparstarfsins í þeirri heimsálfu.


Salóme Huld Garðarsdóttir kristniboði kom í messuheimsókn sunnudaginn 31. október og kynnti störf sín og sýndi litskyggnur. Mjög fjölmennt var í þeirri samveru eða rúmlega 200 manns og almenn ánægja með heimsókn hennar. Fjöldi fermingarbarna tók þátt í söfnun sem fram fór seinni part mánudagsins og var farið í allar götur í Glerárþorpi og tókst framkvæmdin í alla staði mjög vel. Veður var milt og gott, aðeins væta, en fermingarbörn fengu svala, piparkökur og súkkulaði að söfnun lokinni.

Nýtt met var sett í söfnuninni en alls söfnuðust 190.124 kr., sem lagðar voru inn á reikning Hjálparstarfs kirkjunnar og munu renna heilar og óskiptar til verkefna í Afríku.



MUNIÐ JÓLATÓNLEIKA KÓRS GLERÁRKIRKJU  
SUNNUDAGINN 19. DESEMBER KL. 17.00

# Athafnir í Glerárkirkju á aðventu og jólum



## Sunnudagur 28. nóvember.

\* *Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.* Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir. Organisti Hjörtur Steinbergsson

\* *Aðventukvöld kl. 20.30.* Ræðumaður Bjarni Guðleifsson náttúrufræðingur. Unglingakór Glerárkirkju undir stjórn Ástu Magnúsdóttur og Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Sunnudagur 5. desember

\* *Barnasamvera kl. 11.00*

\* *Messa kl. 14.* Hátið vegna nýrra glugga í kirkjuskipi. Sr. Jón A. Baldvinsson vígslubiskup prédikar. Sr. Gunnlaugur Garðarsson og Sr. Arnaldur Bárðarson þjóna fyrir altari. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Sunnudagur 12. desember

\* *Barnasamvera og messa kl. 11.00* Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

\* *Kvöldguðsþjónusta með léttri tónlist kl. 20:30*

Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Krossbandið leiðir söng.

## Fimmtudagur 16. desember

\* *Mömmumorgnar* - Opið hús fyrir foreldra og börn kl. 10-12 (ATH. Síðasta skipti fyrir jól)

\* *Samvera eldri borgara kl. 15.00.* Kór eldri borgara undir stjórn Guðjóns Pálssonar kemur í heimsókn, lestur úr jólabókum, kaffiveitingar og helgistund í lok samveru.

## Sunnudagur 19. desember

\* *Fjölskylduguðsþjónusta kl. 11.00.* Sr. Gunnlaugur Garðarson þjónar. Barnakór Brekkuskóla syngur. Stjórnandi og organisti: Arnór B. Vilbergsson.

\* *Jólatónleikar Kórs Glerárkirkju kl. 17.00.*

Nánar auglýst síðar.

## Miðvikudagur 22. desember

\* *Hádegissamvera með jólabragði kl. 12.*

ATH. Síðasta samvera fyrir jól.

## Aðfangadagur jóla, 24. desember

\* *Aftansöngur kl. 18.00.* Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson. Lúðrasveit Akureyrar leikur í andyri kirkjunnar á undan athöfn.

\* *Miðnæturmesa kl. 23:30.* Sr. Guðmundur Guðmundsson héraðsprestur þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Jóladagur, 25. desember

\* *Hátíðarguðsþjónusta kl. 14.00.* Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Kór Glerárkirkju syngur. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Annar dagur jóla, 26. desember

\* *Fjölskylduguðsþjónusta kl. 14.00.* Sr. Gunnlaugur Garðarson og Sr. Arnaldur Bárðarson þjóna. Barnakór Glerárkirkju syngur. Stjórnandi Ásta Magnúsdóttir. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Gamlársdagur, 31. desember

\* *Aftansöngur kl. 18.00.* Sr. Arnaldur Bárðarson þjónar. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson.

## Nýársdagur, 1. janúar:

\* *Hátíðarmessa kl. 14.00.* Sr. Gunnlaugur Garðarsson þjónar. Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni boðinn velkominn til starfa. Félagar úr Kór Glerárkirkju syngja. Organisti Hjörtur Steinbergsson. Léttar veitingar í safnaðarsal að athöfn lokinni.

## Munið!

*Priðjudagar:* Kyrrðarstund í kapellu kl. 18:10 • *Miðvikudagar:* Hádegissamvera kl. 12  
*Fimmtudagar:* Opið hús fyrir foreldra og börn • *Mömmumorgnar* kl. 10-12  
*Laugardagar:* Kirkjuskóli fyrir grunnskólabörn kl. 11-12 • TTT tíu til tólf ára starf 13-14

## Glerárkirkja

### Sr. Gunnlaugur Garðarsson

Viðtalstímar í kirkjunni **priðjudaga** og **fimmtudaga** kl. 16.30-17.30 og á **miðvikudögum** og **föstudögum** kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**

Símar: Í kirkju 464 8808, heima 462 7676 og GSM 864 8455. Netfang: [gunnlaugur@glerarkirkja.is](mailto:gunnlaugur@glerarkirkja.is)

### Sr. Arnaldur Bárðarson

Viðtalstímar í kirkjunni **mánudaga** til **fimmtudaga** kl. 11-12 og **eftir samkomulagi**

Sími í kirkju: 464 8802, heima 462 6605 og GSM 864 8456 Netfang: [arnaldur@glerarkirkja.is](mailto:arnaldur@glerarkirkja.is)

## Starfsmenn við Glerárkirkju:

### Umsjónarmaður er Sverrir Pálmason

Hann er við daglega kl. 11-16. Sími 464 8803  
Heimasími hans er 462 2491 og GSM 864 8453

### Organisti er Hjörtur Steinbergsson

Sími 464 8804 og GSM 862 2316

### Ráðskona er Þórhildur Þórhallsdóttir

Heimasími hennar er 462 4258 og GSM 862 4258

**Kirkjuverðir** eru Bertha Bruvik sími 865 4556 og Jón Oddgeir Guðmundsson sími 894 4301



Glerárkirkja, sími 464 8800 • [www.glerarkirkja.is](http://www.glerarkirkja.is) • Fax: 464 8809

Ábyrgðarmaður: Sr. Gunnlaugur Garðarsson • Uppsetning: ghs • Prentun. Ásprent